



Borgarráð

### *Starfshópur um sérstök húsnæðisúrræði*

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um sérstök húsnæðisúrræði eru lögð fram til kynningar. Hjálagt er einnig stöðumat á uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk. Hlutverk starfshópsins er að hafa yfirumsjón með uppbyggingaráætlun sérstakra húsnæðisúrræða í Reykjavík og gera tillögur að aðgerðum Reykjavíkurborgar til að mæta markmiðum hennar um fjölgun sérstakra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk. Að fylgja stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir 2019–2025 og að taka þátt í uppfærslu áætlunarinnar til lengri tíma. Að vera upplýstur um stöðu stofnframlaga frá ríki til byggingar og kaupa á sértæku húsnæði.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um sérstök húsnæðisúrræði.

Minnisblað um stöðu uppbyggingaráætlunar húsnæðis fyrir fatlað fólk (febrúar 2020).

# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um sérstök húsnæðisúrræði

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Inngangur:

Sérstök húsnæðisúrræði er íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks eða heimilisslauss fólks með miklar og flóknar þjónustuparfir. Uppbyggingaráætlun sérstakra húsnæðisúrræða í Reykjavík, sem samþykkt hefur verið í borgarráði, gerir ráð fyrir fjölgun íbúða fyrir fatlað fólk um u.þ.b. 157-183 á árunum 2018-2030. Á árunum 2012-2019 hafa þegar verið byggðar eða keyptar 95 íbúðir, bæði stakar og íbúðir í kjörnum fyrir fatlaða einstaklinga í samræmi við uppbyggingaráætlanir. Framtíðarsýn fyrir tímabilið 2019–2025 í stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilisslausa með miklar og flóknar þjónustuparfir er m.a. að allir íbúar hafi jöfn tækifæri til að lifa góðu og mannsæmandi lífi og að enginn Reykvíkingur neyðist til að sofa úti. Markvisst hefur verið unnið að því síðustu misseri að bæta aðstöðu þessa fólks, s.s. með nýju neyðarskýli á Granda og smáhúsum til búsetu sem sett verða upp víðs vegar um borgina.

### Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að hafa yfirumsjón með uppbyggingaráætlun sérstakra húsnæðisúrræða í Reykjavík og gera tillögur að aðgerðum Reykjavíkurborgar til að mæta markmiðum hennar um fjölgun sérstakra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk. Að fylgja stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilisslausa með miklar og flóknar þjónustuparfir 2019–2025 og að taka þátt í uppfærslu áætlunarinnar til lengri tíma. Að vera upplýstur um stöðu stofnframlaga frá ríki til byggingar og kaupa á sértæku húsnæði.

### Helstu verkefni:

- Samræma undirbúning og aðgerðir mismunandi sviða og stofnana.
- Gera aðgerðaáætlun þar sem verk- og tímaáætlun fyrir uppbyggingu sérstakra húsnæðisúrræða er nánar skilgreind ásamt reglubundnu stöðumati og reglubundnum upplýsingum til ábyrgðarmanns.
- Finna húsnæði og/eða lóðir sem henta sérstökum húsnæðisúrræðum.
- Kynning fyrir hagaðilum á tillögum og ákvörðunum verkefna tengdum uppbyggingaráætlun.

### Starfshópurinn skipa:

Gunnsteinn R. Ómarsson verkefnastjóri húsnæðismála, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (formaður).

Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri Félagsbústaða hf.

Björn Axelsson skipulagsfulltrúi, umhverfis- og skipulagssviði.

Óli Jón Hertervig, fjármála- og áhættustýringarsviði.

Berglind Magnúsdóttir skrifstofustjóri húsnæðismála, velferðarsviði.

### Starfsmaður:

Ricardo Mario Villalobos deildarstjóri húsnæðis og búsetu, velferðarsviði.

### Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

**Starfstímabil:**

Starfshópurinn starfi þar til skilgreindum verkefnum er lokið og skili áfangaskýrslu eftir því sem þörf krefur, a.m.k. árlega.

Reykjavík [Dags.]

Dagur B. Eggertsson

DRÖG



## Minnisblað

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

**Efni:** *Staða uppbyggingaráætlunar húsnæðis fyrir fatlað fólk*

### Forsaga:

Húsnæði fyrir fatlað fólk oft nefnt sértæk húsnæðisúrræði er íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks. Uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða í Reykjavík, sem samþykkt hefur verið í borgarráði, gerir ráð fyrir fjölgun íbúða fyrir fatlað fólk um u.þ.b. 157-183 á árunum 2018-2030. Í neðangreindu stöðumati er tilgreint allt það húsnæði sem samþykkt hefur verið til kaups eða byggingar frá árinu 2012 en velferðarsvið tók við málaflokki fatlaðs fólks árið 2011.

### Greinargerð:

#### 1. Uppbygging samþykkt árið 2012

Árið 2012 samþykkti velferðarráð kaup á 32 stökum íbúðum fyrir einstaklinga með geðfötlun. Alls hafa 32 íbúðir af samþykktum 32 íbúðum verið úthlutað til einstaklinga með geðfötlun.

Íbúðir	Fjöldi íbúða
Húsnæði með stuðningi	32 af 32

#### 2. Uppbygging samþykkt árið 2014

Þriggja til fimm ára uppbyggingaráætlun velferðarsviðs í sértækum húsnæðisúrræðum, húsnæðis fyrir fatlað fólk, var samþykkt í velferðar- og borgarráði í apríl 2014 og með breytingum samþykktum í velferðarráði 18. desember 2014.

Íbúðakjarninn	Þjónustuflokkur	Fjöldi íbúða	Opnun
Þorláksgæisli 2 - 4	Þroski Þ-IV	5 af 5	2016
Austurbrún 6 a	Þroski Þ-III	6 af 6	2018
Kambavað 5	Þroski Þ-III	6 af 6	2018
Þingvað	Heimili fyrir börn	4 af 4 herbergi	2016

Alls hafa 21 íbúðir af samþykktum 21 íbúðum verið úthlutað.

### 3. Uppbygging samþykkt árið 2015

Í nóvember 2015 var undirritaður samningur á milli geðsviðs Landspítala og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um samstarfsverkefni Laugarássins meðferðargeðdeildar og íbúðakjarnans að Austurbrún 6. Um er að ræða tilraunaverkefni fyrir tvo til þrjá einstaklinga með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi. Markmið með verkefninu er að auka líkur á að þátttakendur í geti búið í sjálfstæðri búsetu í framtíðinni. Þann 5. desember 2017 var undirritaður samningur um áframhaldandi samstarfsverkefni milli geðsviðs og velferðarsviðs. Um er að ræða verkefni sem fellur undir húsnæði með stuðningi.

Alls 3 íbúðir hafa verið til úthlutunar í þessu verkefni.

### 4. Uppbygging samþykkt árið 2016

Í apríl 2016 var samþykkt í velferðar – og borgarráði viðbót við fyrri samþykktir „Neyðaráætlun - þrír nýir íbúðakjarnar á árunum 2016 – 2017“, þar af eitt bráðabirgðahúsnæði.

Íbúðakjarninn	Þjónustuflokkur	Fjöldi íbúða	Tímaáætlun
Austurvað *	Þroski Þ-III	4 af 4	2017 – lokað 2018
Árland 10	Þroski Þ-IV	0 af 6	2021
Einholt 6	Þroski Þ-II	6 af 6	2018

\*Tímabundin búseta þar til að Austurbrún og Kambavað opnuðu.

Alls hafa 10 íbúðir af 16 verið úthlutað.

### 5. Uppbygging samþykkt árið 2017

Á fundi velferðarráðs þann 22. júní 2017 var samþykkt „Uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða 2018 – 2030 fyrir fatlaða einstaklinga“ og þann 24. ágúst 2017 var hún samþykkt í borgarráði. Uppbyggingaráætlunin er byggð á húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2014 – 2023. Um er að ræða áfangaskipta áætlun í þremur áföngum;

Áfangi I (2018 -2020) gerir ráð fyrir 80 – 90 íbúðum.

Áfangi II (2021-2025) 42 – 50 íbúðir.

Áfangi III (2026 – 2030) 35 – 43 íbúðir.

Í heildina er um að ræða alls 157 – 183 íbúðir.

Velferðarráð samþykkti eftirfarandi breytingu á uppbyggingaráætlun sértæks húsnæðis í desember 2018. Að áfangaheimili með stuðningi, þjálfun og kennslu fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir í þjónustuflokki I, sem gert er ráð fyrir í áfanga I verði breytt í íbúðakjarna í þjónustuflokki I. Að íbúðakjarni fyrir einstaklinga með geðfötlun og fíknivanda í þjónustuflokki III, sem gert er ráð fyrir í áfanga III, verði færður í áfanga I.

### Áfangi I (2018 – 2020) 81 – 91 íbúðir

Íbúðakjarninn	Þjónustuflokkur	Fjöldi íbúða	Tímaáætlun
Hagasel 23	Geð Þ-III	0 af 8	2021
Móavegur 10	Þroski Þ-I	5 af 5	2019
Hringbraut 79*	Geð Þ-III	5 af 7	2019
Keilugrandi **	Þroski Þ-I	0 af 6	2020
Rökkvatjörn	Þroski Þ-II	0 af 6	2021
Húsnæði með stuðningi	Geð og þroski	22 af 45****	2018 – 2020
Húsnæði með stuðningi ****	Geð og þroski	8 af 12 – 20	2018 - 2020

\*Íbúðakjarni fluttur úr áfanga III

\*\*Áfangaheimili breytt í íbúðakjarna

\*\*\* Einni íbúð bætt við árið 2020

\*\*\*\*Áður utankjarna

### Áfangi II (2021– 2025) það eru 42 – 50 íbúðir

Íbúðakjarninn	Þjónustuflokkur	Fjöldi íbúða	Tímaáætlun
Vesturgata 67	Þroski Þ-II	0 af 6	2021
Vantar lóð	Þroski Þ-II	0 af 6	2022
Árskógar	Geð Þ-II	0 af 6	2021
Vantar lóð	Þroski Þ-III	0 af 6	2024
Elliðabraut	Þroski Þ-I	0 af 6	2021
Húsnæði með stuðning ****	Geð og þroski	0 af 12 – 20	2021 - 2025

\*\*\*\*Áður utankjarna

### Áfangi III (2026 - 2030) það eru 35 - 43 íbúðir

Íbúðakjarninn	Þjónustuflokkur	Fjöldi íbúða	Tímaáætlun
Hraunbær 153	Geð Þ-I-II	0 af 6	2021
Vantar lóð	Þroski Þ-IV	0 af 6	2027
Laugarvegur 67a	Geð Þ-III	0 af 5	2020
Húsnæði með stuðning****	Geð og þroski	0 af 12 – 20	2026 - 2030

\*\*\*\*Áður utankjarna

Alls hafa 40 af 157 – 183 íbúðum verið úthlutað. Alls hefur tekist að finna 10 lóðir eða nýbyggingar fyrir íbúðakjarnar af alls 13.

## 6. Aðrar samþykktir sem varða Uppbygging

### a. Liðsaukinn færanlegt teymi

Borgarráð samþykkti árið 2018 aukningu á þjónustu „Liðsaukans færanlegs teymis“ frá því að veita stuðning til 6 einstaklinga í það að veita stuðning til 18 einstaklinga. Einnig samþykkti borgarráð að veita aukinn stuðning á herbergjasambýlið Miklubraut 20 og í íbúðakjarnann Hringbraut 79.

Liðsaukinn	Fjöldi	Árið
Stakar íbúðir	6 af 12 *	2019 - 2020

\*það voru 6 í stuðningi áður, heildar fjöldi verður því 18.

Alls hafa 6 af 12 íbúðum verið úthlutað

### **b. Nýtt húsnæði fyrir Stjörnugróf 11**

Vegna mjög flókinna aðstæðna fjögurra íbúa, óhentugs húsnæðis að Byggðarenda 6 og ítrekaðra kvartana nágretta var talin þörf á sérhönnuðu húsnæði fyrir íbúana. Því var samþykkt að hefja byggingu að Stjörnugróf 11 sem verður íbúðakjarni í þjónustuflokki IV fyrir 6 konur með flóknar stuðningsþarfir. Ákveðið var að fjölga íbúðum um tvær vegna erfiðrar stöðu tveggja ungra kvenna á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk. Stefnt er að því að Stjörnugróf 11 hefji starfsemi árið 2021.

### **c. Boð um aðra búsetukosti**

Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr.38/2018 sem tóku gildi 1. október 2018 segir í bráðabirgðaákvæði nr. II „*Fötludu fólki sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum skulu bjóðast aðrir búsetukostir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim í samræmi við 9. gr.*“

Velferðarsvið vinnur að því að bjóða fötludu fólki sem býr á herbergjasambýlum upp á búsetukosti samkvæmt lögum nr. 38/2018 og reglugerð um sértæk húsnæðisúrræði nr. 370/2016. Árið 2019 voru íbúum á herbergjasambýlinu Vesturbrún 17 boðið að flytja í íbúðakjarnann að Þórðarsveig 1 en um er að ræða nýjan kjarna. Í byrjun árs 2020 var íbúum á herbergjasambýlinu Skagaseli 9 boðið að flytja í íbúðakjarna fyrir lok júní 2020. Við það mun herbergjasambýlum velferðarsviðs fækka um tvö.

### **Samantekt**

Á árunum 2012 til 2019 hafa verið byggðar eða keyptar 95 íbúðir, bæði stakar íbúðir og íbúðir í kjörnum fyrir fatlaða einstaklinga í samræmi við uppbyggingaráætlanir. Markmiðið fyrir þetta tímabil var 113 íbúðir og er árangurinn því um 84 %.

Í febrúar 2020 eru 142 einstaklingar á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk hjá velferðarsviði til samanburðar við 190 einstaklinga í desember 2017. Á rúmlega tveimur árum hefur því fækkað á biðlista um 48 einstaklinga.

Ef horft er til fjölda einstaklinga sem hefur verið úthlutað sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk yfir tímabilið 2015-2019 hefur alls 97 einstaklingum verið úthlutað og 38 einstaklingar fengið milliflutning, t.d úr herbergjasambýli í íbúðakjarna.